



HAFNARFJÖRÐUR

Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra
Velferðarráðuneytinu
Hafnarhúsinu
150 Reykjavík

Hafnarfjörður 26. ágúst 2013
Málsnúmer 1308465

Óskað eftir viðræðum um yfirtöku Hafnarfjarðarbæjar á rekstri heilsugæslu í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær hefur ítrekað lýst yfir vilja sínum til að taka aftur við rekstri heilsugæslu í sveitarfélaginu. Slík afstaða hefur legið fyrir í Hafnarfirði allt frá árinu 1992 þegar þáverandi félagsmálaráðherra skipaði nefnd til að útfæra nánar tillögur um ný umdæmi sveitarfélaga. Jafnframt var nefndinni falið að vinna að tillögum um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í sameiginlegri viljayfirlýsingu velferðarráðuneytis og Hafnarfjarðarbæjar 23. apríl sl. kemur fram í d. lið: „*Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ítrekað lýst yfir vilja sínum til að taka yfir málefni aldraðra, sem og rekstur þess hluta heilbrigðisþjónustunnar sem telst til nærþjónustu.*“ Þá hefur í fjölmiðlum komið fram sú skoðun þín að aðrir aðilar en ríkið væru færari að annast rekstur heilsugæslunnar.

Því er hér með óskað eftir viðræðum um mögulega yfirtöku Hafnarfjarðarbæjar á rekstri heilsugæslu í Hafnarfirði.

Með kveðju,


Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,
bæjarstjóri